

2. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga

28. september 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 20:00

Mætt eru: SÍF: Davíð Snær Jónsson, AIESEC: Danilo Nava, UU: Pétur Halldórsson, JCI: Sigurður Sigurðsson, Ungliðahreyfing Viðreisnar/Uppreisn: Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir, UVG: Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, Núll prósent: Olga Pokrovskaja og gestur frá Bjartri framtíð: Starri Reynisson. **Fulltrúar stjórnar:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ) og Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH), auk Tinnu Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 20:05

Dagskrá:

1. SS formaður fulltrúaráð setti fundinn og stýrði honum.
2. **Áskorun til Ríkisskattstjóra:** SBH hóf kynningu á starfi stjórnar með því að greina frá [áskorun](#) sem LUF sendi á Ríkisskattstjóra um að virða réttindi ungs fólks - í samsamræmi við markmið LUF um að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi. Áskorunin var unnin í samstarfi við Barnaheill, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Umboðsmann barna og UNICEF á Íslandi og kom til vegna synjunar á tilkynningu LUF um breytingu á stjórn. Ríkisskattstjóri neitaði að taka tilkynningu félagsins til greina af þeim sökum að einn stjórnarmanna væri undir 18 ára aldri. Ákvörðun Ríkisskattstjóra um að neita félaginu um breytingu á skráningarskyldu er brot stjórnarskrá og Barnasáttmála SP.
3. **Ný heimasíða:** Í lið 4. Í [framkvæmdaáætlun](#) félagsins um sjálfstæð ungmennafélög hefur stjórnin það að markmiði byggja upp innviði félagsins og lofaði m.a. nýrri heimasíðu með nýsamlegum og aðgengilegum upplýsingum. SS kynnti að heimasíðan [luf.is](#) hefur því verið sett á laggirnar. Síðan er enn í vinnslu, vegna fjárskorts hefur TI frkvstj. félagsins unnið við uppsetningu hennar.
4. **Leiðtogaskóli Íslands:** Í lið 3. í framkvæmdaáætlun um valdeflingu lofaði stjórnin að halda áfram að þróa leiðtogaskólann. TI greindi frá starfi hans og benti á að allar [upplýsingar](#) um hann megi finna á heimasíðu félagsins. Hlaut LUF fjárstyrk frá Evrópuráðinu til þess að reka skólann. Í ár komust 26 meðlimir aðildarfélaga LUF inn í skólann. Námskeiðin voru valin með skoðanakönnun sem send var út á aðildarfélögin. Þátttakendur vinna nú lokaverkefni sem verða kynnt á málþingi 15. október og mun útskriftin fara fram í kjölfarið.
5. **Evrópa unga fólksins:** Í samræmi við markmið stjórnar í framkvæmdaáætlun um að gera allsherjar úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna var send umsókn um fjárstyrk til EUF - til að framkvæma þarfagreiningu sem síðar gæti verið nýtt til stefnumótunar. TI greindi frá að mikil vinna hafi verið lögð í umsóknina. Var henni hafnað með 55 stigum af 60 sem til þarf til að hljóta styrk. Félaginu barst umsögn sem stjórn taldi í ósamræmi við umsókn. Stjórn sendi því inn beiðni um að umsóknin yrði endurmetin af öðrum matsmanni en fékk svar um að EUF hafi ekki heimild til að taka við „viðbótargögnum“ eftir úthlutun. Leitaði því stjórn LUF til mennta- og menningarmálaráðuneytisins þar sem málið er nú í ferli. Fram fór umræða um reynslu aðildarfélaganna af EUF og í ljós kom að hún var mismunandi.
6. **Umsagnir:** Í samræmi við markmið stjórnar um að vera stefnumótandi og hafa áhrif á ákvarðanatöku greindi TI frá tveim umsögnum sem félagið hefur sent til Alþingis:
 - a. [Umsögn](#) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir 2018-2020: Þar gerir stjórn athugasemd við að meginmarkmið stjórnvalda í málaflokknum um að „styrkja rekstur heildarsamtaka sem vinna að faglegri umgjörð“ er ekki notað sem mælikvarði. Þess heldur er einungis miðað við fjölda skráðra skáta og fjölda skráðra þátttakenda í

kristilegu starfi KFUM og KFUK. Eins er aðeins notast við leiðtogaþjálfun þessarra félaga sem mælikvarða en ekki þjálfun á vegum heildarsamtakanna LUF og ÆV. LUF lagði þar til að markmið, aðgerðir og mælikvarðar yrðu samræmdir í áætluninni svo unnt sé að taka marktæk mið af henni.

- b. **Umsögn** um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna: felur í sér að lækka kosningaaldur niður í 16 ár. Stutt var við frumvarpið í samræmi við yfirlýsta [stefnu](#) félagsins um að beita sér fyrir því máli. LUF lagði áherslu á ekki sé nægjanlegt að lækka kosningaaldur, heldur einnig væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fræða ungmenni og leggja ríka áherslu á að styðja við verkefni eins og t.d. #ÉgKýs.
7. **Alþjóðamál:** LMJ greindi frá að LUF er aðili að Evrópska ungmennavettvangnum og hefur því skyldum að gegna gagnvart þeim heildarsamtökum. Einnig er félagið aðili að Norðurlanda- og Estrasaltsríkjabandalaginu. LUF hefur því tekið virkan þátt í alþjóðastarfi og sótt ráðstefnur um ýmis málefni víða í Evrópu. LMJ var kjörin í Ungmennráð Evrópuráðsins, sagði stuttlega frá því starfi og þeim verkefnum sem framundan eru hjá embætti alþjóðafulltrúa. LUF kemur til með að sækja ráðstefnu í Osló sem ber yfirskriftina „Youth, Democracy og Democratic Exclusion“ í Nóvember. LMJ sækir „EU Youth Conference“ og „YFJ COMEM“ á næstu misserum. Í samstarfi við Allianssi, systursamtök LUF í Finnlandi hefur verið sótt um styrk til að halda fund um þróunarmarkmið SP og einnig hefur LUF boðist samstarf við NORA - Norræna Atlantshafssamstarfið sem felst í að auka getu (e. capacity building program) Landssambanda ungmennafélaga á svæðinu. Þá er stefnt að því að virkja alþjóðanefndina þegar að því kemur.
8. **Opinn fundur í tilefni af Lokaskýrslu #ÉgKýs:** Í tilefni af útgáfu [lokaskýrslu #ÉgKýs](#) hélt LUF fjólsóttann fund sem bar yfirskriftina „Hvað fær ungt fólk til að kjósa“ þann 5. September. SS greindi frá að viðburðurinn hafi verið haldinn í samstarfi við SÍF, Hitt húsið og nýsköpunarverkefnið „Ungt fólk til áhrifa“. TI greindi stuttlega frá helstu niðurstöðum skýrslunnar og einnar helst niðurstöðu eftirfylgnirannsóknar sem unnin var í samstarfið við HÍ um að *þeir sem tóku þátt í skuggakosningum voru líklegri til þess að kjósa í alþingiskosningum heldur en þeir sem ekki tóku þátt í skuggakosningum.*
9. SS kynnti þau helstu mál sem eru **á döfni** hjá félaginu: óvænt #ÉgKýs 2017, mannréttindamálþingið, útskriftin úr leiðtogaskólanum og lögbundna ábyrgð stjórnar:
 - a. **Framvinduskýrsla:** SS kynnti að samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið ber félaginu skylda að skila inn skýrslu um störf félagsins í lok Nóvember. Því kemur stjórn til með að gefa út framvinduskýrslu sem verður einnig kynnt fyrir fulltrúaráði og hugsuð sem einskona drög að ársskýrslu og mat á árangri.
 - b. **Fulltrúaráðsfundir:** Stjórn áætla að halda þriðja fulltrúaráðsfundinn í nóvember þar sem framvinduskýrslan verður kynnt ásamt því að farið verður nánar út í alþjóðamál. Í kjölfarið af þeim fundum verður send út skoðanakönnun til að framkvæma þarfagreiningu sem felur meðal annars í sér úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna. Í janúar er stefnt að því að halda fjórða og síðasta fulltrúaráðsfundinn, hann verður hugsaður til undirbúnings fyrir sambandsþing og nýttur í endurskoðun á stefnu félagsins.
 - c. **Sambandsþing 2018:** Samkvæmt lögum LUF skal halda Sambandsþing í lok febrúar ár hvert. Þingið verður þá haldið laugardaginn 24. febrúar 2018. Fundargögn og fundarboð er væntanlegt í síðasta lagi 10. Febrúar 2018. SS hvatti viðstadda til að taka daginn frá.
10. **Kynning á fulltrúum ráðsins:** Viðstaddir fulltrúar kynntu sig, sitt félag og helstu verkefni. Fulltrúi Ungliðahreyfingar Viðreisnar sem tilnefnd af stjórn LUF í sérfræðihóp Evrópska ungmennavettvangsins um „Migration and Human Rights Network“ sagði m.a. frá starfinu framundan.

- 11. #ÉgKýs 2017:** TI greindi frá fjármögnun verkefnisins, en þá hafa jákvæð svör borist frá Dómsmálaráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Framkvæmdin verður með sama sniði og í fyrra með örlitlum breytingum á lögum. Lýðræðisvikan kemur til með að hefjast 9. okt. og mun enda á skuggakosningum fimmtudaginn þann 12. okt. Félögin sem haldan utan um verkefnið, LUF og SÍF eru í erfiðri stöðu sökum óvænts þingrofs og finna fyrir miklum áhuga að standa fyrir verkefninu aftur. Félögin eru því í miðju ferli þess að skipuleggja framkvæmdina og vinna á sama tíma hörðum höndum við að fjármagna verkefnið. Í einhverjum tilvikum voru nemendafélögin byrjuð að undirbúa, áður en boð á skólameistara var sent út. Er það mjög jákvætt hve áhuginn er mikill, þrátt fyrir að líkur eru á að verkefnið muni reyna á fjárhagsstöðu félaganna. Frestur til að sækja um að taka þátt rennur út 29. september og hafa skráningar til þátttöku verið að detta inn að undanfögnu. Fulltrúi SÍF spurði hvort ekki væri hægt að tryggja fjármagn fyrir verkefnið þau ár sem almennar kosningar eiga að fara fram. TI benti á tillögurnar í lokaskýrslu #ÉgKýs, þar sem það er lagt til. Fram fóru umræður um ójafnar úthlutanir ríkisins til Æskulýðsmála og hvernig sú skipting endurspeglast í úthlutunum sjóða sem eru í boði fyrir ungmennafélög.
- a. **Netherferð:** TI vakti athygli á Facebookhópnum „[Samráðsvettvangur #ÉgKýs](#)” þar sem allir sem koma að verkefninu ráða ráðum sínum, aðildarfélög LUF og SÍF ásamt oddvitum yfirkjörstjórna. Í þeim hópi var netherferðin skipulögð og þar fer samstarf hagmunaaðila aðallega fram. Hvatti TI viðstadda til til þátttöku.
 - b. **Pólítískt Partý:** TI greindi frá því að til stæði að halda viðburðinn „Pólítískt Partý” aftur í ár eða þann 26. október - á milli skuggakosninga og alþingiskosninga, til að halda #ÉgKýs umræðunni gangandi eins og gert var í fyrra. Þá var ungum frambjóðendum frá hverjum stjórnmálaflokki boðið að sitja fyrir svörum í pallborði. Viðburðurinn heppnaðist vel og var hann fjölsóttur. Því var ákveðið að halda hann aftur í samstarfi við Hitt Húsið.
- 12. Önnur mál:** Fyrirspurn barst um umsóknarfresti um styrki fyrir ungmennafélög, þeir helstu voru ræddir og mun LUF senda frekari upplýsingar á fulltrúaráð.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 21:25
TI ritaði fundargerð.*